

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu „núvirði“ í 1. málsl. kemur: verðtryggðra
- b. Á eftir 1. málsl. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sé innlent verðbréf óverðtryggt skal núvirði bréfsins metið miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu, auk verðbólguálags sem svarar til verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Öll erlend verðbréf með föstum tekjum skulu metin miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við greinina bætast tveir nýir málslíðir, sem verða 1. og 2. málsl., svohljóðandi: Eignir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta eingöngu í verðbréfum með föstum tekjum skal meta í samræmi við 20. gr. Heimilt er að miða við meðallíftíma og meðalávöxtun verðbréfa sem núvirt eru með sömu ávöxtunarkröfu.
- b. Á eftir orðinu „verðmæti“ í 1. málsl., sem verður 3. málsl., kemur: annarra

3. gr.

Á eftir 21. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein, 21. gr. a, svohljóðandi:

Mat bundinna innlána.

Eignir í bundnum innlánsreikningi þar sem innistæðan er bundin í að minnsta kosti eitt ár skulu endurmetnar í samræmi við 20. gr. Fyrir skal liggja skriflegur samningur á milli lífeyrissjóðsins annars vegar og innlánsstofnunar hins vegar, þar sem fram koma lánstími, vaxtakjör, lágmarksvextir ef við á og heimildir til úttektar vaxtatekna.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, tekur til tryggingafræðilegrar athugunar á fjárhag lífeyrissjóða í lok árs 2003 og síðar. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 16. apríl 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ólafur Páll Gunnarsson.